Norðurlandaráð

E 10/2021

Fyrirspyrjandi: Flokkahópur miðjumanna
Til: Ríkisstjórna á Norðurlöndum

Til Ríkisstjórna á Norðurlöndum

Skrifleg fyrirspurn um afstöðu Norðurlanda til evrópsks skilagjaldskerfis fyrir drykkjarumbúðir

Nýting á auðlindum jarðar eykst æ meira og hraðar. Fyrir utan minni og ábyrgðarfulla neyslu er sjálfgefið að halda tilföngunum í hringrás svo lengi sem unnt er svo að þau verði ekki að úrgangi.

Nú um stundir er mikið lagt upp úr hringrásarhagkerfi hvarvetna í Evrópu. Í tengslum við framkvæmdaáætlun ESB um hringrásarhagkerfi er kastljósinu beint að viðameiri kerfum fyrir endurnýtingu á ýmsum umbúðum og pakkningum.

Umfangsmeiri endurvinnslu- og skilakerfi fyrir drykkjarumbúðir njóta orðið meiri athygli. Þegar árið 2019 setti ESB sér það markmið að 90 prósent allra PET-flaskna yrðu endurunnar árið 2029 en nú liggur fyrir að erfitt verði að ná því marki nema með sameiginlegu skilagjaldskerfi.[1] Í ályktun Evrópuþingsins árið 2021 kemur enn fremur fram vilji til að samræma skilagjaldskerfin í Evrópu.

Norðurlönd hafa sem svæði lengi sýnt áhuga á sameiginlegu skilagjaldskerfi. Á Norðurlandaráðsþinginu 2010 var samþykkt þingmannatillaga sem miðaði að norrænu skilagjaldskerfi í samstarfi við nærliggjandi ESB-ríki. Jafnframt var bent á þörfina á *„víðtækri evrópskri lausn sem stuðlaði að skilvirkri endurvinnslu og -notkun umbúða undan drykkjarvörum alls staðar á svæðinu*". Jafnvel þótt ekki tækist að koma á slíku norrænu fyrirkomulagi á þeim tíma er það aftur komið á dagskrá vegna nýtilkomins áhuga ESB.

Evrópskt skilagjaldskerfi fyrir drykkjarumbúðir hefði marga góða kosti frá norrænu sjónarhorni séð. Fjölmiðlar hafa sagt frá byltingarkenndri aukningu í sölu drykkjarvara í Noregi og Svíþjóð eftir að landamærunum var lokað milli landanna en það sýnir greinilega að þörf er á skilagjaldskerfi sem gildir þvert á landamæri. Evrópskt kerfi næði einnig yfir tollfrjálsa sölu á drykkjarvörum sem nú er utan slíkra

[1] „PET Market in Europe: State of Play", Eunomia. 2020

skilagjaldskerfa. Í könnun meðal ferðamanna sem fóru um hafnir Stokkhólms, Helsingfors, Åbo og Maríuhafnar kom fram að 83 prósent þeirra vildu að skilagjaldskerfi næði yfir þessar dósir.[2]

Evrópskt kerfi yrði umfram allt umhverfinu til hagsbóta. Síðustu áratugi hefur plastframleiðsla aukist verulega. Framleiðslan á PET-flöskum byggist að mestu á hráolíu.[3] Reiknað hefur verið út að orkunotkun vegna skila á stórri PET-flösku í endurvinnslu jafngildi því að tala í farsíma í 332 klukkustundir.[4] Hvað drykkjarumbúðir áhrærir eru það þó einkum áldósir sem flæða yfir landamærin. Það er notuð 20 sinnum meiri orka til að framleiða nýtt ál samanborið við að endurvinna notað ál.[5] Auk þess lenda flöskur og dósir sem ekki bera skilagjald ósjaldan í tunnunni fyrir brennanlegt sorp eða úti í náttúrunni.[6] Samkvæmt samtökunum Håll Sverige Rent eru dósir tíundi hluti alls málmúrgangs í sænskri náttúru.[7] Náttúran er lengi að brjóta niður þessi efni.

Víðtækari skilagjaldskerfi er nokkuð sem mörg lönd tóku að skoða betur þegar stefnan var eindregið sett á hringrásarhagkerfi. Endurvinnsla er talsvert mikil á Norðurlöndum og því ættu að vera góðar forsendur fyrir innleiðingu á sameiginlegu skilagjaldskerfi.[8] Slíkt skilagjaldskerfi nýtur ekki aðeins stuðnings í þjóðþingum landanna heldur einnig hjá almenningi. Til dæmis hvöttu flest norræn umhverfissamtök Norðurlandaráð til að taka upp þráðinn við þetta mál að nýju.[9]

Með hliðsjón af framangreindu er spurt:

- Hver er afstaða norrænu landanna til viðleitni Evrópulandanna að koma á sameiginlegu skilagjaldskerfi fyrir drykkjarumbúðir?
- Geta Norðurlönd þokað málum hraðar fram á veg og verið driffjöður í því að koma á sameiginlegu skilagjaldskerfi fyrir drykkjarumbúðir?

[2] Farþegakönnun sem háskóli Álandseyja vann í samvinnu við Norðurlandaráð árið 2010
[3] Cherubini.F. (2010) Energy Conversion and Management The biorefinery concept: Using biomass instead of oil for producing energy and chemicals. Norwegian University of Science and Technology
[4] Infinitum. https://infinitum.no/
[5] Förpacknings- och tidningsinsamlingen, www.ftiab.se
[6] Norræna ráðherranefndin. Cost-benefit analys av ett gemensamt nordiskt pantsystem https://www.diva-portal.org/smash/get/diva2:702170/FULLTEXT01.pdf
[7] Håll Sverige rent, Skräpprapporten 2020, https://hsr.se/sites/default/files/2020-06/Skraprapporten_2020_web_mindre.pdf
[8] Deposit Systems For One-way Beverage Containers: Global Overview, https://www.reloopplatform.org/wp-content/uploads/2018/05/BOOK-Deposit-Global-27-APR2018.pdf
[9] Bréf frá norrænu umhverfissamtökunum til Noðurlandaráðs 2019

Fjarfundi, 12. apríl 2021

Anders Eriksson (ÅF)
Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Arman Teimouri (L)
Bertel Haarder (V)
Edmund Joensen (sb)
Erling Bonnesen (V)
Heidi Greni (Sp)
Inga Sæland (Flf)
Janine Alm Ericson (MP)
Jaspur Langgaard (sb)
Joakim Strand (sv)
Jouni Ovaska (cent)
Ketil Kjenseth (V)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Linda Modig (C)
Magnus Ek (C)
Mikko Kinnunen (cent)
Mikko Kärnä (cent)
Ole André Myhrvold (Sp)
Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)
Simon Holmström (HI)
Torhild Bransdal (KrF)